



STOÐIRNAR ÞRJÁR

Jafnrétti · Lýðræði · Sköpun



Stoðirnar þrjár, Jafnrétti - Lýðræði - Sköpun

Ljósmyndir: úr myndasafni Hjallastefnunnar

Útlit: bjorgvilhjalms.is

Útgefandi: Hjallastefnan

Rit þetta má ekki afrita með nokkrum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis.

Öll réttindi áskilin

2023 Hjallastefnan

© Margrét Pála Ólafsdóttir

STOÐIRNAR ÞRJÁR

Jafnrétti · Lýðræði · Sköpun



Efnisyfirlit

AF HEILUM HUG OG HREINU HJARTA 6

STOÐIRNAR ÞRJÁR 12

JAFNRÉTTI 14

Jafnrétti í skipulagi 16

Jafnrétti í menningu 19

Jafnréttisuppeldi og kennsla 20

LÝÐRÆÐI 24

Lýðræði í skipulagi 29

Lýðræði í menningu 30

Lýðræðisuppeldi og kennsla 32

SKÖPUN 34

Skapandi skipulag 36

Skapandi menning 41

Skapandi uppeldi og kennsla 44



Kennarar nota fjölbreyttar leiðir til að kalla hópinn sinn saman.

Af heilum hug og hreinu hjarta

Þegar ég kom til starfa eftir leikskólakennaranám, fyrir allnokkrum áratugum síðan, hafði ég háar hugmyndir um mikilvægi starfsins og þau áhrif sem við, starfsfólkið, hefðum á mótun barna á fyrstu æviárunum. Ég var þá sjálf nýbúin að eignast dóttur og skildi því til hlítar mikilvægi þess að foreldrar geti treyst því að þeir aðilar sem annast börnin þeirra, geri það af heilum huga og hreinu hjarta; viti og vilji stuðla að þroska þeirra og velferð á besta hugsanlegan hátt.

Það var ekki langt liðið á starfsferilinn þegar ég rak mig á að margir af þeim hefðbundnu starfsháttum sem tíðkuðust voru ekki að skila því sem þeir áttu að gera og samræmdust í raun ekki þeim uppeldisfræðikenningum sem ég hafði lært og hrifist af. Margt í starfsháttunum fór einnig verulega á svig við persónulegar skoðanir mínar og nýjustu hugmyndir um siðfræði í starfi með börnum.



Margrét Pála Ólafsdóttir höfundur Hjallastefnunnar, brautryðjandi og baráttukona fyrir jafnrétti, lýðræði og sköpun í uppeldi og kennslu.

Óhefðbundnar lendur

Leit mín að betri lausnum í skólastarfi hefur í gegnum tíðina leitt mig á óhefðbundnar lendur. Sumir þeir starfshættir sem ég hef sett í gang sem tilraunir hafa orðið svo árangursríkir að þeir hafa lifað og eru nú fastur hluti af hugmyndafræði Hjallastefnunnar. Þar má nefna þróunina á valkerfinu sem strax varð vinsælt meðal barnanna og þjónar þeim tilgangi að þjálfra lýðræðislega hugsun og búa börnunum meira frelsi í sínu daglega starfi. Einnig tilraunin með að draga úr hefðbundnum leikföngum, sem reyndist svo stórkostlega vel að opið leikefni hefur verið eitt af aðalsmerkjum Hjallastefnunnar frá upphafi. Sú einfalda leið að tryggja að aldrei séu öll börn samtímis á útsvæði skóla margfaldaði rýmið fyrir okkur öll bæði úti og inni og jók þar með athafnamöguleika barnanna.

Nýjar lausnir

Ýmislegt fleira mætti telja upp sem ég byrjaði að prófa mig áfram með sem ungur leikskólakennari en eitt var það þó sem ég vissi að þyrfti að vinna í en sá ekki til þess neina möguleika. Það voru stöðugar samvistir kynjanna þar sem ég rak mig á að voru mesti þröskuldurinn þegar kom að þeim hámarksárangri sem mig dreymdi um fyrir hvert barn. Í fáum orðum má segja að drengirnir æfðu einstaklingsfærni sína en fengu litla félagsþjálfun og stúlkurnar æfðu félagsfærni sína en fengu litla þjálfun í einstaklingsþáttum (sjá rit um kynjanámskrá Hjallastefnunnar). Það var svo ekki fyrr en mér var boðin staða á nýjum leikskóla í Hafnarfirði, Hjalla, að mér gafst loks færi á að prófa nýjar lausnir sem stuðlað gætu að jafnari þroska stúlkna og drengja og þar með vonandi meira jafnrétti í samfélaginu.

Róttækt jafnréttisstarf

Kynjaskipt skólastarf Hjallastefnunnar hefur gefið góða raun og skapað sér sess sem ein róttækasta tilraun í jafnréttisuppeldi á Norður-löndunum og þó víðar væri leitað. Margt hefur breyst frá því Hjalli tók til starfa; stúlkur eru almennt orðnar sterkari á einstaklingssviðum með auknu jafnrétti í samfélaginu, skóli án aðgreiningar hefur knúið kennara til að takast á við meiri sérkennslu og meðvitund samfélagsins um stöðu transbarna hefur aukist. Þessum þáttum höfum við svarað og fögnum fjölbreytileikanum. Við sveigjum ramma skólastarfsins til þess að reyna eftir bestu getu að sinna þörfum hvers barns sem okkur er treyst fyrir.

Lærum af börnum

Þannig hef ég lært af börnum, foreldrum og samstarfsfólki hvaða aðferðir virka og hverjar ekki og þannig má segja að Hjallastefnan sé alltaf í lífandi þróun. En eitt stendur þó alltaf óbreytt undir sínu, en það er grundvöllurinn að starfsháttum okkar, og það er hugmyndafræðin sjálf. Hún er útskýrð og kennd í handbókum, greinum og fyrirlestrum um Hjallastefnuna og er til umræðu í öllum Hjallastefnuskólum. Mikil áhersla hefur verið lögð á bæði meginreglur og kynjanámskrá en í sinni einföldustu mynd hvílir allt á stöðunum jafnrétti, lýðræði og sköpun. Hér á eftir fara fjölmörg dæmi um starfshætti sem sýna hugmyndafræðina í verki og viðbrögð okkar við börnum, foreldrum og samstarfsfólki, byggt á lífssýn og mannskilningi Hjallastefnunnar.

Allar leiðir gaumgæfðar

Það er afar mikilvægt að muna að starfshættirnar okkar eru ekki bókstafskenningar, heldur einfaldlega leiðir að markmiðunum um jafnrétti, lýðræði og sköpun. Þannig þarf hver ný lausn sem prófuð er að vera gaumgæfð með það í huga að hún byggir raunverulega á þessum þremur stöðum. Það hefur til dæmis ekkert upp á sig að taka burtu leikföng og setja inn opið leikefni ef kennarar vinna ekki samtímis að því að auka samvinnu barnanna, taka skapandi þátt í leik þeirra og gefa þeim þar með skapandi hugmyndir að því hvernig nota megja leikefnið.

Ánægjuleg þróun barnaskólanna

Fyrri hluta starfsævi minnar var ég alltaf á leiðinni annað og leit einungis á leikskólastarfið sem tímabundinn viðkomustað. En það voru foreldrarinn og ekki síður börnin sem alltaf drógu mig til baka og urðu að lokum til þess að hugmyndafræði Hjallastefnunnar var þróuð upp á grunnskólastig. Það kom mér sjálfri og samstarfsfólki ánægjulega á óvart að þó að kennsluhættir grunnskólastigsins væru aðrir og námskrármarkmiðin víðtækari þá stóðu þar sömu stöðirnar undir starfinu: jafnrétti, lýðræði og sköpun.

Vonandi er þessi bæklingur gagnlegur fyrir þau ykkar sem viljið kynna ykkur grunnhugmyndirnar um starf Hjallastefnuskóla. Von mín er að hann leiðbeini og útskýri hvernig stöðirnar þrjár birtast í daglegu starfi og hvers vegna við gerum hlutina eins og við gerum.

Gangi okkur öllum vel við að hlúa sem best að börnunum okkar.

Ykkar Magga Pála



Það þarf ekki mikið til fyrir ævintýrin þegar skólinn snýst um að æfa gleði og hamingju.

Stoðirnar þrjár

Undirstaðan í kærleiksmiðaðri og skapandi lýðræðisstefnu

Stoðirnar þrjár eru einföld framsetning á hugmyndafræði Hjallastefnunnar og fela í sér bæði meginreglur og kynjanámskrá stefnunnar. Allt starf og allar lausnir þurfa að standast ítarlega skoðun á því hvort þær hvíli raunverulega á stoðunum þremur; jafnrétti, lýðræði og sköpun.

Öll grunngildi og kennisetningar Hjallastefnunnar hverfast um að styrkja hvert barn til þroska á sínum eigin forsendum, með því að draga fram styrkleika þess og byggja undir þá svo barnið finni til öryggis og geti nýtt hæfileika sína og notið þess mikilvæga skeiðs sem bernsku- og æskuárin eru.




Kátar og berfættar í skemmtilegri kjarkæfingu með hópstýru sinni sem tekur virkan þátt með vinkonum.

Jafnrétti

með kærleika og gleði

Jafnrétti er það ástand þegar allir einstaklingar innan hóps eða samfélags hafa sömu réttindi, sambærileg tækifæri og aðgang að þeim gæðum sem í boði eru og hafa einnig sambærilegar skyldur



Einfalt, rósaamt og áreitalítið umhverfi þar sem allt er merkingarbaert þannig að börn og fullorðnir geti "lesið" sig áfram og skilið og lært á aðstæður sínar á skömmum tíma.

Jafnrétti nær til allra innan hópsins eða samfélagsins óháð kyni, kynvitund, uppruna, kynþáttar, litarháttar, andlegs og líkamlegs atgervis, trúar, efnahags eða stöðu að öðru leyti.

Í Hjallastefnustarfi stefnum við stöðugt að því að tryggja jafnrétti með þrenns konar nálgun: skipulagi skólastarfsins, menningu skólans og uppeldisstarfinu (kennslunni).

Jafnrétti í skipulagi

R-reglur Hjallastefnunnar eru röð, regla og rútína. Allt umhverfi skólans er einfalt og skiljanlegt með það fyrir augum að skapa næði, festu og öryggi fyrir hvert barn.

- *Sýnileg og áþreifanleg fyrirmæli, s.s. umferðarörvar á gólfum, fataval fyrir útisvæði, merktir skápar, skúffur og hillur fyrir efnivið og leikefni eru til þess fallin að börnin læri fljótt og vel á umhverfið.*
- *Hvert barn á sitt eigið merкта fatahólf, eigið pláss á samverumottu og skúffu undir eigin verk.*
- *Umhverfið er einfalt, hirslur lokaðar og veggir og borð án óreiðu og óþarfa sjávaða (e. visual noise).*
- *Leikefni er einfalt og hvetur til samvinnu en ekki samkeppni.*
- *Dagskipulagið er eins alla daga, gagnsætt og einfalt, til að öll börn viti hvernig hver dagur verður og hvað er næst hverju sinni.*
- *Hvert barn tilheyrir fámennum hópi til að tryggja að þau fái öll jafnt rými og jafna athygli - ekkert barn gleymist.*
- *Fámennur hópur hefur einn til tvo hópstjóra sem annast hópinn sinn stóran hluta dagsins, í hópátímum og máltíðum.*
- *Öll börn eru í skólafötum og eru þannig í sama liði og jafnrétthá, óháð kynferði sínu og efnahagslegri stöðu foreldra.*
- *Starfsfólk klæðist einnig skólafötum til að forðast félagslega mismunun, kynjaðan klæðaburð og til að auðvelt sé fyrir börnin að átta sig strax á hver er starfsmaður.*



Drengir æfa fínhreyfingar með óvenjulegum efnivið sem þeir geta nartað í að vild.



Hvert einasta barn fær hvatningu og athygli í fámennum hópi sem byggir upp þrautseigju og jákvætt, námslegt sjálfstraust. Þannig æfir barnið sig í að vera eimreiðin í eigin námi, ekki síðasti vagninn.

- *Starfsfólk samræmir viðbrögð og reglur, sem þau öll fylgja og eru eins í öllum skólanum s.s. að ganga um skólann, bíða á biðplássum o.s.frv.*
- *Starfsfólk er ávallt til staðar og vakandi yfir börnum við allar aðstæður.*

Jafnrétti í menningu

Hverju barni ber að njóta virðingar í hvívetna. Það skal njóta réttinda og mannhelgi og upplifa kærleika og góða umönnun, jákvæða athygli og hvatningu, og bjóðast leikir og nám við hæfi.

- *Öll menning skólans skal hvetja til samvinnu en ekki samkeppni.*
- *Í daglegu starfi æfa börn og starfsfólk virðingu og jákvæðan aga sem skapar rósemi og dregur úr hávaða.*
- *Starfsfólk samræmir orðanotkun og hugtök í starfi með börnum, svo að sömu orð séu notuð yfir sömu hluti á öllum kjörnum.*
- *Starfsfólk skuldbindur sig til að æfa jákvæðni, ástunda gleði og sýna kærleika í starfi samkvæmt meginreglum Hjallastefnunnar.*
- *Starfsfólk allra okkar skóla skuldbindur sig til sveigjanleika og þjónustu við barnafjölskyldur, þess vegna geta börn og fjölskyldur leitað eftir aðstoð og ráðgjöf varðandi allt það sem lýtur að uppeldi og velferð barnanna.*
- *Starfsfólk umvefur hvert einasta barn gleði og kærleika þegar það kemur í skólann.*
- *Hvert barn heldur upp á afmæli sitt á einstakan hátt, t.a.m. býr til veitingar með hópnum sínum og býður til veislu í afmælissamveru sinni.*
- *Fámennur hópur með fasta hópstjóra tryggir að hópstjórnir tengjast sínum börnum sérstökum tilfinningaböndum og eiga traust samskipti við foreldra.*
- *Mannréttindi barna eru virt með vali þeirra sjálfra við matarborðið, hvort þau kjósi að leika sér úti eða inni og hvernig þau klæða sig fyrir útivistina.*
- *Gæðaeftirlit er m.a. með foreldrakönnunum til að bæta stöðugt samvinnu heimils og skóla.*

Jafnréttisuppeldi og kennsla

Hjallastefnan nýtir hið félagslega kynferði sem áhald til að vinna gegn takmörkunum hefðbundinna kynjahlutverka, sem og til að mæta ólíkum þörfum og þroska stúlkna, drengja og stálpa.

- *Allt sem gerist í starfi einkynja hóps dregur úr kynbundnum áherslum, því ekkert er lengur “strákalegt” eða “stelpulegt” í hefðbundinni merkingu - öll börn prófa allt og uppfylla öll hlutverk og það auðveldar einnig líf barna sem ekki finna sig í hefðbundinni stelpu- og strákamenningu.*
- *Kynjaskipt skólastarf er okkar leið í jafnréttisátt, þar sem börnin starfa á stúlkna- og drengjakjöörnum stóran hluta dagsins.*
- *Þau börn sem skynja líkamlegt kyn annað en félagslegt kyn velja sér kjarna eftir eigin óskum.*
- *Stúlkur og drengir fá því tækifæri til að leika og læra á eigin forsendum í kynjaskiptum jafningjahópum án takmarkana hefðbundinna kynhlutverka.*
- *Bæði kyn prófa alls konar leikefni og verkefni sem eru oft einokuð af öðru kyninu í kynjablönduðu starfi.*
- *Bæði kyn þjálfast í öllum mennskum eiginleikum með svo nefndri upp-bótarvinnu:*
- *Drengir og börn með ríka karllæga eiginleika fá aukastyrkingu í félagslegum eiginleikum eins og samvinnu, umhyggju, nálægð og að nota orðin sín í stað átaka.*
- *Stúlkur og börn með ríka kvenlæga eiginleika fá aukastyrkingu í einstaklingseiginleikum eins og sjálfstrausti, hugrekki, frumkvæði og að láta rödd sína heyrast í stað þess að draga sig til baka.*



Raunveruleikatengd verkefni í hópatímum eru einstaklega skemmtileg samvinnuverkefni og þjálfun í samábyrgð í samfélagi.

- *Með uppbótarvinnunni öðlast öll börn fjölbreytta reynslu og færni þeirra verður smátt og smátt viðameiri og yfirgrípsmeiri.*
- *Daglega er kynjablöndun þar sem börn á sama aldri hittast og æfa virðingu og samskipti í skipulögðu og kennarastýrðu starfi. Þannig verður blöndunin og upplifun kynjanna hvert af öðru jákvæð og eftirsóknarverð reynsla.*
- *Kjarnar eru kenndir við liti eins og Rauðikjarni (drengir) og Bláikjarni (stúlkur) til að brjóta upp hugmyndir um "stelpulegt" og "strákalegt".*
- *Skólafötin eru eins fyrir öll börn og val um tvo liti, bláan og rauðan. Reynslan sýnir að litirnir virðast á móta vinsællir á stúlnakjörnum og drengjakjörnum.*
- *Leikefni er óbundinn efniviður án nokkurra kynbundinna tilvísana og því eru hefðbundin leikföng ekki notuð í skólanum.*
- *Bækur, sögur, söngvar og annað efni er skoðað út frá kynja- og kynþáttatilvísunum og eingöngu valið efni sem stenst allar kröfur um forðomaleysi og jafnrétti.*



Drengir taka ábyrgð á alvöru verkefnum þar sem eldri kennir yngri og báðir jafn stoltir af sínu.

Lýðræði

með jákvæðni og seiglu

**Lýðræði er skipulag á
samfélagi þar sem valdið á
sér uppsprettu hjá því fólki
sem myndar samfélagið**



"Öryggi skapar friðsæld á sama hátt og samkeppni skapar streitu." Röð, regla og rútna eru R-reglur Hjallastefnunnar.

Það er mikilvægt og sjálfsagt að börn æfist í því að tjá sig opinskátt og frjállega um öll málefni er þau varða og hafa áhrif á líf þeirra. Hinir fullorðnu hlusta og taka mark á þeim, leiðbeina þeim þegar þörf þykir og útskýra hvernig þau megi nota rétt sinn svo hann gangi ekki á rétt annarra.

Börnin æfast í gagnrýninni hugsun og ígrundun í samskiptum við önnur börn og fullorðna í skólanum. Þau skiptast á skoðunum, finna lausnir og miðla málum. Þannig æfast þau í víðsýni og umburðarlyndi, ákveðni, hreinskiptni, tjáningu og sjálfstæði. Þau eru öll einstök en á sama tíma hluti af hópi og samfélagi sem er réttlátt og virðing ein-kennir samskipti.

Í Hjallastefnustarfi notum við lýðræði sem aðferð við ákvarðanatöku og þjálfum lýðræðislega hugsun með þrenns konar nálgun: skipulagi skóla-starfsins, menningu skólans og uppeldisstarfinu (kennslunni).



Sterkar vinkonur hoppa hver með sínu lagi og á sínum tíma. Allar einstakar og standa saman þegar þær finna kjarkinn sinn.



Auðvitað velja börnin sér vinnustöður og staðsetningar inni á kjarnanum sem þeim finnast þægilegar. Það er sjálfsögð lýðræðisæfing

Lýðræði í skipulagi

Hver Hjallastefnuskóli er samfélag með reglum og fyrirkomulagi sem koma fram í umhverfi og dagskrá skólans. Þetta er yfirfæranlegt á stærra samfélag þar sem allir þurfa að læra að fara eftir reglum.

- *Dagskráin er eins alla daga og því fyrirsjáanleg, sem gefur börnum tilfinningu fyrir því að þau hafi vald yfir aðstæðum sínum.*
- *Skóladagurinn skiptist upp í hópatíma annars vegar, með verkefnum og kennslu undir stjórn kennara og hins vegar val tíma með frjálsum leikjum barnanna sjálfra.*
- *Framkvæmd daglegra hópatíma styðja við hvert barn í persónulegum þroska þess svo það njóti hæfileika sinna og æfist í nýrri færni. Hluti hópatímastarfs eru æfingar í lýðræðislegum aðferðum til að skipta gæðum eða jafna ágreining.*
- *Öll rými, skápar og hirslur fyrir efnivið eru greinilega merkt, til þess að allir eigi auðvelt með að finna allt það sem þau vantar til leikja og starfs.*
- *Gangar eru merktir líkt og umferðargötur og eru með miðlínur, örvum og hægri umferð til að allir geti ferðast um skólann af öryggi.*
- *Hvert barn á sitt réttláta einstaklingsrými á samverumottu, merkt og afmarkað.*
- *Á miðju samverumottunnar er sól, þar sem börn geta æft sig í að koma fram og tjá sig fyrir framan hóp.*
- *Skólaföt jafna aðstöðumun barna og birta þau þar með öll að jafn mikilvægum þátttakendum í lýðræðislegu starfi skólans.*
- *Leiktímar barnanna hefjast með valfundi þar sem hvert barn getur valið um viðfangsefni og þannig fylgt áhuga sínum og vaxið á eigin áhugasviði.*

Lýðræði í menningu

Skýr lína er dregin milli þess sem við teljum vera mannréttindi barna og þess sem fullorðnum ber að taka ábyrgð á sem uppalendur.

- *Það er lýðræðislegt að "bjóða" börnum að gera hitt og þetta, í stað þess að "láta" þau gera það. Valdboð er andlýðræðislegt og á ekki heima í kringum börn.*
- *Sjálfstjórn er forsenda velgengni í félagslegum samskiptum, þess vegna æfum við jákvæðan aga og hegðun sem byggir undir sjálfstjórn.*
- *Reglubrot eru stöðvuð umsvifalaust af kennurum á ákveðinn/fumlausan hátt.*
- *Hópstjórar fylgja eftir fyrirmælum um frágang og hvað annað sem á að gerast, til að öll börn æfi röð og reglu, en þjálfist ekki í að hunsa sanngjörn fyrirmæli og umgengnisreglur.*
- *Hugrekki er æft í fjölmörgum aðstæðum, eins og í sérstökum kjarkæfingum og á valfundum. Á lýðræðisfundum æfist hugrekki til að standa með sér, áhuga sínum og skoðunum.*
- *Í kynjaskiptu og aldursskiptu starfi í hópatímum gefast öllum börnum verndaðar aðstæður til að æfa kjark í að tjá sig fyrir framan hóp, semja og æfa skemmtiatriði og prófa nýja færni.*
- *Í daglegri aldursblöndun í valtímum æfist sam hjálp og samvinna milli hópa með ólíkan þroska og getu, þ.e. eldri og yngri barna.*
- *Hópstýrur/-stjórar hjálpa strax barni sem ruglast í hegðun með festu og hlýju í senn.*
- *Börn eiga rétt á að meta veður áður en þau klæða sig til útivistar.*
- *Börn geta alltaf farið á salerni þegar þau þurfa en láta vita af ferðum sínum.*
- *Börn eiga ávallt val um morgunverð og val um hvað þau borða en eru hvött til að taka æfingarbita.*
- *Börn eru aldrei knúin til að klára af diskunum sínum svo þau læri á gamál sitt.*
- *Börn mega koma með hluti að heiman til að sýna vinkonum sínum og vinum (þarfir barna trufla ekki starfið) og geyma það í hólfinu sínu þess á milli.*



Mjúkar vinahendur í uppþótarvinnu þar sem drengirnir æfa nálægð, kærleika, öryggi og tjáningu.

Lýðræðisuppeldi og kennsla

Umgengnisreglur kenna börnunum að frelsi þeirra og réttur nær út að mörkum þess að það gangi ekki á frelsi og rétt annarra.

- Börn velja sjálf um verkefni helming dagsins, þ.e. á val tímum. Kennari skipuleggur hinn helming dagsins, þ.e. hópátímana/kennslustundirnar en börnin fá reglulega tækifæri til þess að hafa áhrif á innihald þeirra og verkefni.
- Valtímar byrja með formlegum valfundum, börn skiptast á að byrja að velja eftir gagnsæjum reglum og takmarkaður fjöldi getur valið hvert svæði í senn.
- Á valfundum þjálfast börn í að vita vilja sinn, koma honum á framfæri á jákvæðan hátt og loks að taka mótlæti þegar eitthvert valsvæði er upptekið.
- Börnin hafa áhrif á umhverfi sitt með þátttöku í að skipuleggja hópátímana með kennara sínum og koma með uppástungur um það sem þau vilja læra og gera.
- Börnin taka þátt í umræðum og ákvörðunum um valsvæði, leikefni og fjölda barna á hverju svæði.
- Lýðræðisfundir eru haldnir reglulega til að börnin æfist í að hafa enn meiri áhrif á umhverfi sitt, t.d. að koma með tillögur að matseðli skólans, ræða reglur og fleira.
- Raunveruleikatengd verkefni eru í fyrirrúmi í hópátímum til að efla samábyrgð í samfélagi. Þríf, garðyrkja, ruslatínsla, matreiðsla, viðgerðir og kjörnun leikefnis eru dæmi um raunveruleikatengd verkefni sem gagnast skólanum og börnunum til jafns.
- Heimsóknir á elliheimili til að gleðja eða hjálpa til, vettvangsferðir á menningarstofnanir og í fyrirtæki og vinnustaði efla tilfinningu barnanna fyrir þátttöku í nærsamfélaginu.
- Leiðtogaþjálfun er daglegur hluti starfsins, eins og að vera leiðtogi í eina viku í senn til skiptis, þar sem barnið fer fremst í hópnum og er fyrirmynd hinna.



Með valinu þjálfar börnin hæfni sína til að vita vilja sinn og velja milli tveggja eða fleiri kosta. Þannig þjálfast þau í að taka aldrei neinu í lífi sínu sem gefnu og vera reiðubúin að grandskoða aðstæður sínar á öllum sviðum.

Sköpun

með virðingu og frelsi

**Sköpun er það ferli að fá
hugmyndir að nýjungum
eða nýjum lausnum og
möguleikum sem geta leyst
vandamál, tjáð tilfinningar
eða skoðanir og skemmt
okkur sjálfum eða öðrum**



Æfing í sjálfstyrkingu er einnig kjarkæfing þar sem við brjótum hugarramma um það sem má og má ekki eins og að velta sér upp úr hveiti með vinkonum án þess að leita samþykkis úr samfélaginu.

Sköpun krefst þess að fyrirfram gefnar hugmyndir eða hugarrammar sé brotið upp til að færi gefist til að hugsa hlutina upp á nýtt. Forsendur skapandi hugsunar eru sveigjanleiki, frumleiki og áhugi og með því að styðja börn til að efla með sér þessa þætti öðlast þau færni til þess að skapa sitt eigið líf.

Í Hjallastefnustarfi stefnum við stöðugt að því að efla sköpun með þrenns konar nálgun: skipulagi skólasterfsins, menningu skólans og uppeldisstarfinu (kennslunni).

Skapandi skipulag

Allt skipulag og umhverfi skólans er einfalt og fast í skorðum svo enginn þurfi að eyða orku í umhugsun um smámuni. Rósamt umhverfi og lítil áreiti gefa börnunum tækifæri til þess að hvíla skynfæri sín og efla sína eigin sköpun og hugmyndir.

- *Hver kjarni er sjálfbær og starfsfólk annast öll sín mál eftir því sem mögulegt er og skipuleggja starfið þegar upp koma fjarvistir (hafa gestaskiptingu hópa til taks), fylla á grunnbúnað, s.s. fyrir leirgerð, tryggja að efniviður í krókum sé í lagi, hreinlætisvörur á salerni o.s.frv.*
- *Með lýðræðislegum hætti skipuleggur starfsfólk stöður á val- og skiptitímum og skiptir hópatímaafnotum af heimastofu og krókum á milli sín á réttlátan máta.*
- *Umhverfið er rósam, án hávaða og sjávaða, til að skapa hugarnæði fyrir eigin hugsanir og ímyndun barnanna sjálfra.*
- *Litir eru mildir og húsbúnaður er úr náttúrulegum efnum eins og kostur er.*



Náttúran vekur alltaf ný og ný hughrif og allt verður að leikfni.

- *Kjörnuð áreiti eru á veggjum kjarnanna (heimastofanna) og þá helst hlutir með fjölþættum tilgangi eins og upphengitöflur fyrir verk barnanna sjálfra, eða fyrir sýningar á skipulögðu starfi.*
- *Kjörnuð hughrif út frá fagurfræði eru í sameiginlegum rýmum eins og litrík fiskabúr, plöntur, steinar og fleira slíkt sem vekur hugsun og tilfinningar.*
- *Oftast eru veggir lítt skreyttir til að forðast fyrrnefndan sjávaða í daglegum vinnurýmum, nema þá þegar börnin eru að vinna að stórum verkefnum eða sýningum eða eru að vinna með ákveðnar hugmyndir.*
- *Verk barnanna eru uppi tiltekinn tíma, þ.e. á meðan þau þjóna tilgangi sínum svo sem að sýna fjölskyldum sínum þegar verki er lokið. Eftir það eru þau fjarlægð, þar sem viðvani barna er svo hraður að áreiti missa tilgang sinn sem örvun á fáum dögum.*
- *Skápar fyrir óbundna leikefnið og fyrir efnivið fyrir hópatíma með kennara eru lokaðir til að þeir skapi ekki sjávaða og hillur og borð eru kjörnuð (tiltekin og án óreiðu).*
- *Verðlaus efniviður sem fellur til í skólanum eða kemur með að heiman er nýttur í leikjum og föndri.*



Eyjavínir skoða að sjálfsögðu loðnuna af miklum áhuga.



Þegar upp koma bilanir eða viðhald í leikskólanum, þá eru verkfæravinkonur kallaðar til !

Skapandi menning

“Að skapa líf sitt” er grundvöllur að skapandi menningu samkvæmt skilningi Hjallastefnunnar.

- *Jafnréttishugsjón okkar er hluti af því að styðja öll börn til þess öryggis og sjálfstjórnar sem gerir þeim kleift að treysta á sig sjálf, tilfinningar sínar, lausnir og hugmyndir á hverjum degi.*
- *Tölvur og snjalltæki eru ekki notuð án skapandi tilgangs, því ekki þarf að bæta við þann almenna skjátíma sem börn fá heima fyrir. Slík skjánotkun gerir það sama og sjávaði, þ.e. dregur úr ímyndunarafli.*
- *Í frjálsum leikjum barna á valtíma er valið óbundið leikefni (e. open-ended materials) eins og leir, trékubbar, mismunandi pappír og föndurefni, teppi, púðar, dýnur o.fl., sem nota má á hvern þann hátt sem börnin kjósa.*
- *Óbundið leikefni er aldrei með aðeins eina, fyrirframgefna lausn eins og púsl eða raðspil, þar sem börn þurfa að leita að „einu réttu“ lausninni sem einhver hefur úthugað fyrir þau.*
- *Óbundinn efniviður reynir meira á börn og krefst þolinmæði, seiglu og þrautseigju (resilience) þar sem hlutirnir sjálfir búa ekki yfir afþreyingargildi í sjálfu sér, heldur eru bara áhöld. Notkun á óbundnum efnivið styður við frumlega og lausnamiðaða hugsun, því börnin verða að leggja sig öll fram til að skemmtilegur leikur fari af stað.*
- *Kynbundinn efniviður er aldrei fyrir hendi, sem gefur öllum frelsi frá því hvernig drengir eða stúlkur “eiga” að leika sér.*
- *Efniviður úr plasti er ekki notaður á valtímum barnanna nema í undan-tekningartilvikum.*
- *Leikefnið stenst þær kröfur að börnin ráði við það sjálf og án þess að fullorðnir blandi sér í leikinn nema til stuðnings. Valdefling og sjálfstraust eykst, sem er forsenda þess að þau geti nálgast lausnir í lífi sínu á skapandi hátt.*

- *Leikefni Hjallastefnunnar er frábrugðið þeim leikföngum sem flest börn eiga og nota heima. Slíkt eykur á reynslu barnanna og leikskólinn verður viðbót við heimilið.*
- *Hefðbundnar barnabækur eru notaðar í miklu hófi og hóparnir sækja bækur á bókasöfn sem við notum mikið. Hópstjórar aðstoða með val á bókum til þess að gæta þess að þær innihaldi ekki niðrandi viðhorf gagnvart fólki svo sem vegna kynferðis, húðlitar eða fötlunar.*
- *Kjörið er að „lesa saman“ með fámennum hópi í senn til að fá fram umræður, spurningar og hugmyndir - jafnvel leikið með endursköpun persóna og atburðarásar.*
- *Bækur í eigu skólans eru t.d. ljósmyndabækur, þar sem Hjallastefnan kýs heldur raunveruleikatengdar ljósmyndir, sem vekja hughrif og skapandi hugsun, heldur en fullorðinsteikningar sem túlka veruleikann fyrir börnum.*
- *Tónlist er aldrei bakgrunnshávaði, heldur er aðeins notuð sem hluti af því starfi sem í gangi er.*
- *Hópstjórar eru alltaf þátttakendur í verkefnum hópsins hverju sinni og sýna kjarkað fordæmi í stað þess að láta börnin ein um að framkvæmda hópatímaverkefnið.*
- *Hópstýrur/-stjórar æfa sig í óvenjulegri hegðun til að brjóta upp hugarramma barna og fullorðinna. Stíga út úr norminalíseraðri og viðtekinni hegðun til að teygja á víðsýni og opna hugann fyrir ýmsum möguleikum.*



Víðsýni, sjálfstæði og umburðarlyndi æft í gegnum gleði og feegurð í dansi, enda er allt sem gerist á drengjakjarna "drengjalegt"

Skapandi uppeldi og kennsla

Hlutverk skólans og kennara er að ýta undir frumkvöðlahugsun með því að hvetja börnin til að hugsa út fyrir rammann, þarfagreina og vinna lausnamiðað. “Það er ráð við öllu nema ráðaleysi.”

- Áhersla er lögð á óvenjuleg verkefni og nálgun, m.a. til að skapa nýja lífsreynslu hjá börnunum og styrkja heilaproska þeirra á mikilvægum mótunartíma. Hugmyndum barnanna um hópastarfið er líka fagnað. Það er alltaf hægt að aðlag hugmyndir og einfalda þær þannig að hægt sé að framkvæma þær og mæta þar með sköpunarkrafti og löngun barnanna til að hafa áhrif á líf sitt.
- Hópstjórar bregðast jákvætt við mistökum, sem eru nauðsynlegur þáttur í skapandi ferli. Gott er að æfa verkefni sem leiða til mistaka og/eða gefa frá sér lélega útkomu, t.a.m. að teikna með þeirri hönd sem ekki er ráðandi hjá barninu, mála með trjágreinum, teikna án þess að horfa á teikninguna, byggja úr ævintýrakubbum og greinum o.s.frv. Mistakaótti hamlar proska sköpunarkraftsins.
- Kjarkæfingar eru dæmi um starf sem brýtur hugarrammann um það sem má og má ekki. Þær eru t.d. æfðar til að ná fram meiri dýpt í skapandi viðhorfi.
- Öll börn æfa sig í að tjá sig um líðan sína og hugmyndir og hvernig þau upplifa sig í skólanum. Það er sérstaklega gott að æfa þetta í lotu tvö; sjálfstyrking, sjálfstraust, öryggi og tjáning, og æfa framkomu og tjáningu með reglubundnum hætti.
- Starf úti í náttúrunni fer fram í öllum veðrum og við alls kyns aðstæður, þar sem náttúran sjálf er síbreytileg, gefur alltaf nýjar ögranir og skapar ný hughrif.



Þegar hugur, hjarta og hönd fara saman í kynjablöndun þá kvikna töfrarnir

- Áratugareynsla Hjallastefnunnar af óbundnu leikefni hefur sýnt okkur að leikir barnanna okkar eru síbreytilegir og þróast óendanlega í mikilli ánægju allra, með mikilli fjölbreytni, nýjum hugmyndum og annarri sköpun.
- Mikil áhersla er lögð á að kennarar segi sögur, en jafnframt að börnin fái tækifæri til að spinna eigin sögur. Einnig er gaman og gagnlegt að semja og æfa eigin leikrit og sýna vinkonum og vinum á kjarnanum, eða t.d. á söngfundi skólans.
- Börnin gera sínar eigin bækur með teikningum og/eða texta sem þau teikna og skrifa sjálf eða fá aðstoð kennara.
- Börnin gera sínar eigin litabækur þegar hópurnir fjölfalda teikningar allra í hópnum, þannig að þau fái hvert sína bók með teikningum allra. Hóparnir gera einnig bækur með myndum af starfi barnanna sjálfra í leikskólanum.
- Börn búa sjálf til raðspil, púsl og bingó með aðstoð kennarans.
- Við veljum að hlusta á og dansa við heimstónlist, þjóðlagatónlist og klassíska tónlist sem vekur hughrif og hvetur til skapandi hugsunar. Tónlist er aldrei notuð sem bakgrunnshávaði.
- Börn og starfsfólk syngja mikið, enda eflir söngurinn málskilning og tjáningarfærni barna, hristir barnahópana saman, gleður og gefur.
- Börnin eiga að fá tækifæri til að spinna og semja léttu takta og þrástef á skólahljóðfæri, s.s. hristur, trommur og klukkuspil.



Vinkonur og vinir hittast daglega við ýmis verkefni, þar sem ferðalagið er mikilvægara en lokaafurðin.



Hjallamiðstöðin, Hæðasmára 6, 201 Kópavogur
hjallastefnan@hjalli.is - +354 555 7020